Ásahreppur

Ársreikningur
2016

Ásahreppur
Laugaland
851 Hella

Kt. 430169-0339

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar 3

Áritun óháðs endurskoðanda 4

Rekstrarreikningur 6

Efnahagsreikningur 7

Sjóðstreymisyfirlit 9

Skýringar 10

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningur Ásahrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 253,6 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 250,9 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 12,44% en lögbundið hámark er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,230% í A-flokki, 1,320% í B-flokki og 1,650% í C-flokki en lögbundið hámark þess er 0,625% í A-flokki, 1,320% í B-flokki og 1,650% í C-flokki.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 7,2 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 5,3 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2016 nam 365,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 367,0 millj. kr.

Ársreikningur Ásahrepps fyrir árið 2016 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Laugalandi, 12. apríl 2017.

Sveitarstjóri:

Ársreikningur Ásahrepps fyrir árið 2016 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Laugalandi, 10. maí 2017.

Sveitarstjórn:

Eggert Sigurðsson

Elín Grétarsdóttir

Brynja J. Jónasdóttir

Karl Ólvisson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Ásahrepps.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Ásahrepps fyrir árið 2016 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við sveitarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Hellu, 10. maí 2017.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	219.731	206.450	205.830	219.731	206.450	205.830
Aðrar tekjur	4	31.162	34.732	13.323	33.892	40.621	14.300
		250.892	241.182	219.153	253.622	247.071	220.130
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	91.340	88.034	20.983	91.340	88.034	20.983
Annar rekstrarkostnaður	6	151.669	138.748	140.210	148.665	135.728	141.194
		243.009	226.782	161.193	240.005	223.762	162.177
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		7.883	14.400	57.960	13.617	23.309	57.953
Afskriftir	9	(9.823)	(9.972)	(9.743)	(12.122)	(18.251)	(10.247)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(1.940)	4.428	48.218	1.495	5.058	47.707
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7	7.240	2.850	1.456	5.738	1.873	844
Rekstrarniðurstaða	14	5.300	7.278	49.673	7.233	6.931	48.551

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	A hluti 2016	A hluti 2015	A og B hluti 2016	A og B hluti 2015
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir	9	85.915	88.683	87.384	90.152
Veitu- og gatnakerfi	9	115.098	120.300	208.437	198.916
		201.013	208.983	295.821	289.067
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum	10	110.467	109.610	37.726	36.869
Langtímakröfur	11	11.227	12.902	11.227	12.902
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	12	5.280	6.076	0	0
		126.974	128.588	48.953	49.771
Fastafjármunir		327.987	337.570	344.774	338.838
Veltufjármunir					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar skatttekjur	13	12.556	10.015	12.556	10.015
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		21.851	28.390	0	0
Aðrar skammtímakröfur	13	17.688	14.979	18.915	34.082
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	12	924	866	0	0
Næsta árs afborgarnir langtímakrafna	11	1.836	1.721	1.836	1.721
Handbært fé	3i	28.094	21.973	32.034	33.620
Veltufjármunir		82.948	77.944	65.341	79.438
Eignir samtals		410.935	415.515	410.115	418.276
Eignir utan efnahagsreiknings	3j				

31. desember 2016

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti 2016	A hluti 2015	A og B hluti 2016	A og B hluti 2015
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	14	366.991	361.691	365.589	358.356
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	15	0	9.733	0	9.733
		0	9.733	0	9.733
Skammtímaskuldir					
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	9.733	18.304	9.733	18.304
Aðrar skammtímaskuldir		34.211	25.786	34.793	31.882
		43.945	44.091	44.526	50.186
Skuldir og skuldbindingar samtals		43.945	53.824	44.526	59.919
Eigið fé og skuldir samtals		410.935	415.515	410.115	418.276

Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings 17

Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

	Skýr	A hluti Ársreikningur 2016	A hluti Áætlun 2016 með viðaukum	A hluti Ársreikningur 2015	A og B hluti Ársreikningur 2016	A og B hluti Áætlun 2016 með viðaukum	A og B hluti Ársreikningur 2015
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða	14	5.300	7.278	49.673	7.233	6.931	48.551
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	9	9.823	9.972	9.743	12.122	18.251	10.246
Verðbætur		(288)	(562)	(231)	(142)	(328)	(79)
Sölutap eignarhluta		0	0	131	0	0	131
Veltufé frá rekstri		14.835	16.688	59.316	19.213	24.854	58.849
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Óinnheimtar skatttekjur, breyting		(2.541)	0	52.382	(2.541)	0	52.382
Skammtímakröfur, breyting		(2.709)	0	(6.291)	15.167	15.868	(25.264)
Skammtímaskuldir, breyting		8.425	15.200	(7.305)	2.910	495	(1.329)
Samtals		3.175	15.200	38.786	15.535	16.363	25.789
Handbært fé frá rekstri		18.010	31.888	98.102	34.748	41.217	84.638
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.	9	(1.853)	(20.788)	(5.577)	(18.876)	(35.388)	(78.318)
Eignarhlutir breyting		(857)	(937)	(73.366)	(857)	(937)	(625)
Langtímakröfur, breyting	11	1.757	1.682	1.647	1.757	1.682	1.647
Langtímakr. á eigin ft, breyting	12	884	362	828	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(70)	(19.681)	(76.468)	(17.976)	(34.643)	(77.296)
Fjármögnunarhreyfingar							
Skuldir við lánastofnanir, breyting		0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin ft, breyting		6.539	(5.633)	(25.938)	0	0	0
Afborganir langtímalána	15	(18.358)	(18.442)	(18.296)	(18.358)	(18.442)	(18.296)
Fjármögnunarhreyfingar		(11.819)	(24.075)	(44.234)	(18.358)	(18.442)	(18.296)
Hækkun, (lækkun) á handbæru fé		6.121	(11.868)	(22.600)	(1.586)	(11.868)	(10.953)
Handbært fé í ársbyrjun		21.973	21.973	44.573	33.620	21.973	44.573
Handbært fé í árslok		28.094	10.105	21.973	32.034	10.105	33.620

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Ásahreppur er sveitarfélag á Suðurlandi og voru íbúar 255 þann 1. desember 2016. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Laugalandi í Holtum.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Ásahrepps árið 2016 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Leiguíbúðir, Fráveita og Ásaljós.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting í gatnagerð og veitukerfum er eignfærð að frádregnum álögðum gatnagerðargjöldum og tengigjöldum.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar	25 - 40 ár
Veitukerfi	25 ár
Gatnakerfi	25 ár

f. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

h. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

i. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

j. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í landi og gatnaframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002, hefur áður verið gjaldfærð og er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

k. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

l. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu 17.

m. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 20 og 21.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum
Útsvar og fasteignaskattur:				
Útsvar	92.475	80.950	92.475	80.950
Fasteignaskattur	127.256	125.500	127.256	125.500
	219.731	206.450	219.731	206.450
Skatttekjur samtals	219.731	206.450	219.731	206.450
Aðrar tekjur:				
Þjónustutekjur	20.638	15.164	19.455	14.047
Endurgreiðslur	7.129	14.863	7.129	14.863
Aðrar tekjur	3.394	4.705	7.307	11.711
	31.162	34.732	33.892	40.621
Rekstrartekjur samtals	250.892	241.182	253.622	247.071

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	17.204	18.934	17.204	18.934
Launatengd gjöld	3.406	0	3.406	0
Annar áfallin launakostnaður	70.731	69.100	70.731	69.100
Laun og launatengd gjöld samtals	91.340	88.034	91.340	88.034

Byggðasamlagið Oddi bs. annast rekstur grunnskóla og leikskóla sveitarfélagsins frá ársbyrjun 2016. Hlutdeild sveitarfélagsins í launakostnaði byggðasamlagsins er flokkuð sem annar áfallinn launakostnaður í ársreikningi sveitarfélagsins.

Laun sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu samtals 13,6 millj. kr. á árinu 2016.

6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum
Vöru- og þjónustukaup	48.716	11.659	45.147	10.159
Styrkir, framlög og annar kostnaður	102.953	127.089	103.518	125.569
Annar rekstrarkostnaður samtals	151.669	138.748	148.665	135.728

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur	6.929	3.271	7.019	3.271
Arður af eignarhlutum	226	0	226	0
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.501)	(1.398)	(1.507)	(1.398)
Vextir frá eigin fyrirtækjum	1.587	977	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.) samt..	7.240	2.850	5.738	1.873

8. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2016			Áætlun 2016 með viðaukum
	Gjöld	**Tekjur**	**Mismunur**	**Nettó**
Aðalsjóður:				
Skatttekjur	0	219.731	219.731	206.450
Félagsþjónusta	8.621	2.664	(5.957)	(8.944)
Heilbrigðismál	173	0	(173)	(175)
Fræðslu- og uppeldismál	120.936	13.847	(107.089)	(108.226)
Menningarmál	4.180	33	(4.148)	(5.117)
Æskulýðs- og íþróttamál	21.250	0	(21.250)	(15.903)
Brunamál og almannavarnir	2.405	0	(2.405)	(2.496)
Hreinlætismál	8.905	4.090	(4.816)	(2.362)
Skipulags- og byggingarmál	8.905	1.120	(7.785)	(5.358)
Umferðar- og samgöngumál	17.592	372	(17.221)	(17.198)
Umhverfismál	6.313	4.973	(1.340)	(1.081)
Atvinnumál	34.798	2.409	(32.388)	(28.044)
Sameiginlegur kostnaður	40.056	1.654	(38.403)	(29.472)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1.334	21.057	19.723	8.965
Aðalsjóður samtals	275.469	271.950	(3.519)	(8.961)
A hluta stofnanir:				
Eignasjóður	30.015	38.834	8.819	16.239
Innri færslur A hluta	(51.151)	(51.151)	0	0
A hluti samtals	254.333	259.633	5.300	7.278
B hluta fyrirtæki:				
Fráveita	1.130	2.000	870	624
Leiguíbúðir	672	1.073	401	286
Ásaljós	3.251	3.913	662	(1.257)
Innri færslur A og B hluta	(5.843)	(5.843)	0	0
A og B hluti samtals	253.544	260.777	7.233	6.931

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	**Gatna- og veitukerfi**	**Samtals**
A hluti			
Heildarverð 1.1.2016	183.858	147.798	331.656
Afskrifað áður	(95.175)	(27.498)	(122.673)
Bókfært verð 1.1.2016	88.683	120.300	208.983
Viðbót á árinu	1.142	711	1.853
Afskrifað á árinu	(3.910)	(5.913)	(9.823)
Bókfært verð 31.12. 2016	85.915	115.098	201.013
Samtals heildarverð 31.12.2016	185.000	148.509	333.509
Afskrifað samtals	(99.085)	(33.411)	(132.496)
Bókfært verð 31.12.2016	85.915	115.098	201.013
Afskriftarhlutföll	2,5 - 4,0%	4,0%	

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

a. Bókfært verð, frh.

	Fasteignir	Gatna- og veitukerfi	Samtals
A og B hluti			
Heildarverð 1.1.2016	198.546	233.134	431.680
Afskrifað áður	(108.394)	(34.218)	(142.612)
Bókfært verð 1.1.2016	90.152	198.916	289.067
Viðbót á árinu	1.142	17.733	18.876
Afskrifað á árinu	(3.910)	(8.212)	(12.122)
Bókfært verð 31.12.2016	87.384	208.437	295.821
Heildarverð 31.12.2016	199.688	250.867	450.555
Afskrifað samtals	(112.304)	(42.430)	(154.734)
Bókfært verð 31.12.2016	87.384	208.437	295.821
Afskriftarhlutföll	2,5 - 4,0%	4,0%	

b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu:

	Fjárfesting 2016	Áætlun 2016 með viðaukum
A hluti		
Fasteignir:		
Laugalandskóli	604	1.638
Leikskóli, Laugalandi	245	0
Dvalarheimilið Lundur	0	17.150
Sundlaug, Laugalandi	293	0
Fasteignir samtals	1.142	18.788
Gatnakerfi:		
Reiðvegir	0	2.000
Gatnakerfi, Laugalandi	711	0
A hluti samtals	1.853	20.788
B hluti		
Ásaljós:		
Framkvæmdir	19.299	14.000
Tengigjöld	(2.276)	0
Ásaljós samtals	17.023	14.000
Fráveita:		
Framkvæmdir	0	600
Fráveita samtals	0	600
B hluti samtals	17.023	14.600
Samtals A og B hluti	18.876	35.388

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

c. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2016:

	Brunabótamat	Fasteignamat	Bókfært verð
Skólahúsnæði og íþróttamannvirki	1.089.650	346.870	60.068
Íbúðarhúsnæði	61.650	23.400	1.469
Aðrar fasteignir	84.160	27.844	25.847
Veitukerfi			5.371
Gagnaveitukerfi			87.968
Gatnakerfi og útisvæði			115.098
Samtals			295.821

Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara.

Tryggingaverð lausafjármuna

Tryggingarverð lausafjármuna greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Skrifstofa	3.646	3.646
Fjallaskálar	1.679	1.679
	5.325	5.325

10. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	A hluti Bókfært verð	A og B hluti Bókfært verð
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga		1.920	1.920
Vatnsveita Ásahrepps og Rangárþings ytra bs.	18,2%	21.157	21.157
Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.	5,4%	2.099	2.099
Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.	6,3%	1.482	1.482
Sláturfélag Suðurlands svf.		240	240
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. A-bréf	0,4%	400	400
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. B-bréf	1,0%	1.989	1.989
Strandarvöllur ehf.		634	634
Rangárbakkar, hestamiðstöð Suðurlands ehf.	0,9%	669	669
Rangárhöllin ehf	1,8%	2.000	2.000
Neslundur ehf.	11,4%	500	500
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	0,039%	3.455	3.455
Háskólafélag Suðurlands ehf.	1,7%	1.181	1.181
Ásaljós	100,0%	72.741	0
		110.467	37.726

Skýringar, frh.:

11. Langtímakröfur

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Staða í ársbyrjun	14.623	14.623
Afborgun á árinu	(1.757)	(1.757)
Verðbætur	197	197
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	13.063	13.063
Næsta árs afborganir	(1.836)	(1.836)
Langtímakröfur í árslok	11.227	11.227

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

Árið 2017	1.836	1.836
Árið 2018	1.919	1.919
Árið 2019	2.005	2.005
Árið 2020	2.095	2.095
Árið 2021	0	0
Síðar	5.208	5.208
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	13.063	13.063

12. Langtímakröfur á eigin fyrirtæki

Breyting langtímakrafna A hluta á B hluta greinist þannig:

	A hluti
Staða langtímakrafna í ársbyrjun	6.942
Afborganir langtímakrafna á árinu	(884)
Verðbætur	145
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	6.204
Næsta árs afborganir	(924)
Langtímakröfur í árslok	5.280

Afborganir langtímakrafna á eigin fyrirtæki í B hluta greinast þannig á næstu ár:

Árið 2017	924
Árið 2018	965
Árið 2019	1.009
Árið 2020	1.054
Árið 2021	1.101
Árið 2022	1.152
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	6.204

13. Skammtímakröfur

Niðurfærsla óinnheimtra skatttekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Niðurfærsla í ársbyrjun	846	846
Niðurfærsla ársins breyting	247	247
Niðurfærsla í árslok	1.093	1.093

14. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2016	361.691	358.356
Rekstrarniðurstaða ársins	5.300	7.233
Eigið fé 31.12.2016	366.991	365.589

15. Langtímaskuldir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Samtals
A hluti			
Staða lána í ársbyrjun	24.333	3.705	28.038
Afborganir af lánum	(14.600)	(3.758)	(18.358)
Verðbætur	0	54	54
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	9.733	0	9.733
Næsta árs afborganir	(9.733)	0	(9.733)
	0	0	0
Vaxtakjör í árslok	6,98%		
A og B hluti			
Staða lána í ársbyrjun	24.333	3.705	28.038
Afborganir af lánum	(14.600)	(3.758)	(18.358)
Verðbætur	0	54	54
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	9.733	0	9.733
Næsta árs afborganir	(9.733)	0	(9.733)
	0	0	0
Vaxtakjör í árslok	6,98%		

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2017	9.733	9.733
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	9.733	9.733

16. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A hluti	100%	410.935	43.945	366.991
Fráveita	100%	5.371	7.121	(1.749)
Leiguíbúðir	100%	1.469	1.782	(314)
Ásaljós	100%	93.135	19.732	73.403
Bakfærðir eignarhlutir í B hluta		(72.741)	0	(72.741)
Millifærslur, innbyrðis staða		(28.054)	(28.054)	0
Heildarstaða sveitarfélagsins 31.12.2016		410.115	44.526	365.589

17. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Byggðasamlög og önnur samstarfsverkefni:

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum:

- Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.
- Bergrisinn bs.
- Byggðasamlagið Oddi bs.
- Tónlistarskóli Rangæinga
- Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.
- Sorpstöð Suðurlands bs.
- Brunavarnir Rangæinga bs.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs.
- Héraðsnefnd Rangæinga
- Byggðasafnið í Skógum
- Héraðsskjalasafnið í Skógum

Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna og samstarfsverkefnanna miðað við íbúatölu.

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur:

Sveitarfélagið hefur staðið að byggingu hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar. Heimilið er rekið sem sjálfstæð stofnun en vistgjöldum er ætlað að standa undir rekstrarkostnaði þess. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir stofnunina.

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Lundar og nam hún 13,9 millj. kr. samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt í árslok 2016. Skuldbindingin er ekki færð til skuldar í ársreikningi sveitarfélagsins. Í október 2016 var skrifað undir samkomulag um tilhögun uppgjörs lífeyrisskuldbindinga B-deilda lífeyrissjóða milli ríkis og sveitarfélaga. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að ríkið yfirtaki lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila sem sveitarfélög hafa borið ábyrgð á. Uppgjör í tengslum við yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingu vegna starfsmanna Lundar liggur ekki fyrir.

Í september 2014 var gerður samningur milli velferðarráðuneytisins annars vegar og Rangárþings ytra og Ásahrepps hins vegar, um viðbyggingu við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Lund. Verkframkvæmdir hófust á árinu 2015 og stóðu fram á árið 2017, en viðbyggingin var tekin í notkun í upphafi árs 2017. Ásahreppur greiddi á árinu 2015 samtals 3,1 millj. kr. til framkvæmdanna og samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016 var gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 17,2 millj. kr. Reiknað var með að hluti framlagsins, eða 6,8 millj. kr. yrði endurgreiddur í framhaldi af lokagreiðslu ríkisins vegna verkefnisins á árinu 2017. Ekki kom til greiðslu framlags sveitarfélagsins á árinu 2016. Lokauppgjör verkefnisins liggur ekki fyrir. Óvissa ríkir um áfallinn framkvæmdakostnað í árslok 2016 og hvert endanlegt framlag sveitarfélagsins verður við lokauppgjör. Skuldbinding vegna hlutdeildar sveitarfélagsins í áföllnum framkvæmdakostnaði í árslok er ekki færð í ársreikninginn.

Skýringar, frh.:

17. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings, frh.

Aðrar ábyrgðarskuldbindingar:

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins. Eftirstöðvar lánsins nema 4,2 millj. kr. í árslok 2016.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Byggðasafnsins í Skógum hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum sveitarfélögum sem standa að safninu. Eftirstöðvar lánsins nema 110,2 millj. kr. í árslok 2016.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum öðrum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins. Eftirstöðvar lánanna nema 114,9 millj. kr. í árslok 2016.

Á árinu 2005 var eignarhlutur sveitarfélagsins í Hitaveitu Rangæinga seldur til Orkuveitu Reykjavíkur. Við söluna yfirtók Orkuveitan allar skuldir hitaveitunnar, en ábyrgð sveitarfélagsins á yfirteknum lánum hefur ekki verið aflétt. Eftirstöðvar lánanna nema 474,6 millj. kr. í árslok 2016.

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Tónlistarskóla Rangæinga í hlutfalli við kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins í rekstri skólans. Áfallin lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna skólans samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt í árslok 2016 nemur 34,0 millj. kr. Skuldbindingin er ekki færð til skuldar í ársreikningi sveitarfélagsins.

18. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

19. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs:

	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningar				
		2016	2015	2014	2013	2012
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga						
Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í milljónum króna	111	109	126	113	100	
Skuldaviðmið	14%	2%	5%		27%	33%
Í hlutfalli við rekstrartekjur						
Útsvar	33,6 %	36,9 %	36,0 %	29,6 %	31,5 %	27,9 %
Fasteignaskattur	52,0 %	50,7 %	57,9 %	61,0 %	52,5 %	48,4 %
Framlög Jöfnunarsjóðs	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,4 %	0,4 %	5,4 %
Skatttekjur samtals	85,6 %	87,6 %	93,9 %	91,0 %	84,4 %	81,7 %
Aðrar tekjur	14,4 %	12,4 %	6,1 %	9,0 %	15,6 %	18,3 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld	(36,5%)	(36,4%)	(9,6%)	(10,5%)	(9,5%)	(9,4%)
Annar rekstrarkostnaður	(57,5%)	(60,5%)	(64,0%)	(58,4%)	(70,9%)	(66,3%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	6,0 %	3,1 %	26,4 %	31,1 %	19,5 %	24,3 %
Afskriftir	(4,1%)	(3,9%)	(4,4%)	(4,6%)	(5,3%)	(3,4%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	1,2 %	2,9 %	0,7 %	(0,5%)	(1,1%)	(0,9%)
Rekstrarniðurstaða	3,0 %	2,1 %	22,7 %	26,0 %	13,1 %	20,0 %
Veltufé frá rekstri	6,9 %	5,9 %	27,1 %	30,5 %	18,2 %	23,3 %
Fjárfestingarhreyfingar	(8,2%)	(0,0%)	(34,9%)	(2,4%)	(13,2%)	(43,9%)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárm	8,6 %	1,2 %	4,0 %	3,2%	2,4%	45,0%
Skuldahlutfall - skuldir/rekstrartekjur	29%	18%	25%	38%	44%	57%
Aðrar lykiltölur						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri, mælt í árum	0,58	0,00	0,16	0,44	1,44	1,53
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/ skammtímaskuldir	1,19	1,89	1,77	2,34	1,94	2,14
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	89%	89%	87%	80%	77%	70%

19. Lykiltölur, frh.

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.:

	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningar				
		2016	2015	2014	2013	2012
Í þúsundum króna á íbúa						
Rekstur						
Skatttekjur	810	862	940	873	760	765
Aðrar tekjur	136	122	61	86	141	171
Laun og launatengd gjöld	(345)	(358)	(96)	(101)	(86)	(88)
Annar rekstrarkostnaður	(544)	(595)	(640)	(560)	(639)	(620)
Afskriftir	(39)	(39)	(44)	(44)	(42)	(32)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	11	28	7	(5)	(10)	(8)
Rekstrarniðurstaða	29	21	227	249	124	188
Efnahagur						
Eignir	1.470	1.612	1.897	1.812	1.717	1.756
Eigið fé	1.311	1.439	1.652	1.445	1.324	1.225
Skuldir og skuldbindingar	159	172	246	367	393	531
Sjóðstreymi						
Veltufé frá rekstri	65	58	271	293	164	218
Handbært fé frá rekstri	125	71	448	135	287	149
Álagningarhlutföll						
Útsvarprósenta		12,44%	12,44%	12,48%	12,44%	12,44%
Fasteignaskattsprósenta, A-liður		0,23%	0,32%	0,32%	0,32%	0,32%
Fasteignaskattsprósenta, B-liður		1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattsprósenta, C-liður		1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%
Íbúafjöldi, (heimild: Hagstofa Íslands)						
Íbúafjöldi 1. desember		255	219	216	195	192
Breyting frá fyrra ári		16,4%	1,4%	10,8%	1,6%	(5,9%)

19. Lykiltölur, frh.

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs:

	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningar				
		2016	2015	2014	2013	2012
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga						
Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í milljónum króna	110	110	126	114	99	
Skuldaviðmið	17%	9%	14%		29%	35%
Í hlutfalli við rekstrartekjur						
Útsvar	32,8 %	36,5 %	35,9 %	29,4 %	31,4 %	27,8 %
Fasteignaskattur	50,8 %	50,2 %	57,6 %	60,8 %	52,2 %	48,1 %
Framlög Jöfnunarsjóðs	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,4 %	0,4 %	5,4 %
Skatttekjur samtals	83,6 %	86,6 %	93,5 %	90,6 %	84,0 %	81,3 %
Aðrar tekjur	16,4 %	13,4 %	6,5 %	9,4 %	16,0 %	18,6 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld	(35,6%)	(36,0%)	(9,5%)	(10,5%)	(9,5%)	(9,4%)
Annar rekstrarkostnaður	(54,9%)	(58,6%)	(64,1%)	(57,6%)	(70,5%)	(65,4%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	9,4 %	5,4 %	26,3 %	31,9 %	20,0 %	25,2 %
Afskriftir	(7,4%)	(4,8%)	(4,7%)	(4,5%)	(3,5%)	(3,7%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	0,8 %	2,3 %	0,4 %	(0,8%)	(1,6%)	(1,4%)
Rekstrarniðurstaða	2,8 %	2,9 %	22,1 %	26,6 %	14,9 %	20,1 %
Veltufé frá rekstri	10,1 %	7,6 %	26,7 %	31,1 %	18,5 %	23,9 %
Fjárfestingarhreyfingar	(14,0%)	(7,1%)	(35,1%)	2,8 %	(13,6%)	(44,4%)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárm	14,3 %	12,7%	55,5%	3,5%	2,4%	45,1%
Skuldahlutfall - skuldir/rekstrartekjur	30%	18%	27%	38%	44%	57%
Aðrar lykiltölur						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri, mælt í árum	0,39	0,00	0,17	0,43	1,42	1,90
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/ skammtímaskuldir	0,83	1,47	1,58	2,28	1,82	2,03
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	89%	89%	86%	80%	77%	69%

19. Lykiltölur, frh.

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.:

	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningar				
		2016	2015	2014	2013	2012
Í þúsundum króna á íbúa						
Rekstur						
Skatttekjur	810	862	940	873	760	765
Aðrar tekjur	159	133	65	90	145	175
Laun og launatengd gjöld	(345)	(358)	(96)	(101)	(86)	(88)
Annar rekstrarkostnaður	(532)	(583)	(645)	(555)	(638)	(615)
Afskriftir	(72)	(48)	(47)	(46)	(51)	(34)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7	23	4	(7)	(14)	(13)
Rekstrarniðurstaða	27	28	222	254	116	190
Efnahagur						
Eignir	1.438	1.608	1.910	1.801	1.702	1.744
Eigið fé	1.277	1.434	1.636	1.434	1.308	1.210
Skuldir og skuldbindingar	161	175	274	368	394	535
Sjóðstreymi						
Veltufé frá rekstri	65	75	269	300	167	225
Handbært fé frá rekstri	125	136	386	141	288	157

19. Lykiltölur, frh.

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú ár. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2016	Hlutfall af skattt.	2015	Hlutfall af skattt.	2014	Hlutfall af skattt.
Aðalsjóður						
Skatttekjur	219.731	100,0%	205.830	100,0%	188.639	100,0%
Félagsþjónusta	(5.957)	2,7%	(7.824)	3,8%	(6.719)	3,6%
Heilbrigðismál	(173)	0,1%	(167)	0,0%	0	0,0%
Fræðslu- og uppeldismál	(107.089)	48,7%	(84.295)	41,0%	(66.797)	35,4%
Menningarmál	(4.148)	1,9%	(3.977)	1,9%	(3.988)	2,1%
Æskulýðs- og íþróttamál	(21.250)	9,7%	(15.072)	7,3%	(11.947)	6,3%
Brunamál og almannavarnir	(2.405)	1,1%	(2.295)	1,1%	(1.549)	0,8%
Hreinlætismál	(4.816)	2,2%	(5.670)	2,8%	(3.935)	2,1%
Skipulags- og byggingarmál	(7.785)	3,5%	(3.593)	1,7%	436	(0,2%)
Umferðar- og samgöngumál	(17.221)	7,8%	(15.025)	7,3%	(15.654)	8,3%
Umhverfismál	(1.340)	0,6%	(977)	0,5%	(995)	0,5%
Atvinnumál	(32.388)	14,7%	(4.380)	2,1%	(7.089)	3,8%
Sameiginlegur kostnaður	(38.403)	17,5%	(35.258)	17,1%	(35.393)	18,8%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	19.723	(9,0%)	14.556	(7,1%)	12.024	(6,4%)
Aðalsjóður samtals	(3.519)		41.854		47.033	
Aðrir sjóðir í A hluta						
Eignasjóður	8.819	(4,0%)	7.819	(3,8%)	6.740	(3,3%)
A hluti samtals	5.300	(2,4%)	49.673	(24,1%)	53.773	(26,1%)

20. Samanburður rekstraráætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2016 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	**Viðaukar við fjárhags-áætlun**	**Fjárhags-áætlun með viðaukum**	**Upphafleg fjárhags-áætlun**	**Viðaukar við fjárhags-áætlun**	**Fjárhags-áætlun með viðaukum**
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur	206.450	0	206.450	206.450	0	206.450
Aðrar tekjur	19.751	14.981	34.732	25.640	14.981	40.621
	226.201	14.981	241.182	232.090	14.981	247.071
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	19.150	68.884	88.034	19.150	68.884	88.034
Annar rekstrarkostnaður	164.879	(26.131)	138.748	162.269	(26.541)	135.728
	184.029	42.753	226.782	181.419	42.343	223.762
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	42.172	(27.772)	14.400	50.671	(27.362)	23.309
Afskriftir	(9.972)	0	(9.972)	(18.251)	0	(18.251)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna-tekna og fjármagnsgjalda	32.200	(27.772)	4.428	32.420	(27.362)	5.058
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2.850	0	2.850	2.281	(408)	1.873
Rekstrarniðurstaða	35.050	(27.772)	7.278	34.701	(27.770)	6.931

21. Samanburður sjóðstreymisáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2016 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða	35.050	(27.772)	7.278	34.701	(27.770)	6.931
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	9.972	0	9.972	18.251	0	18.251
Verðbætur	(562)	0	(562)	(328)	0	(328)
Veltufé frá rekstri	44.460	(27.772)	16.688	52.624	(27.770)	24.854
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:						
Óinnh. skattt. (hækkun), lækkun	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr. (hækkun)	0	0	0	(132)	16.000	15.868
Skammtímaskuldir lækkun	0	15.200	15.200	495	0	495
Samtals	0	15.200	15.200	363	16.000	16.363
Handbært fé frá rekstri	44.460	(12.572)	31.888	52.987	(11.770)	41.217
Fjárfestingarhreyfingar						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(27.788)	7.000	(20.788)	(35.388)	0	(35.388)
Söluverð eignarhluta	0	0	0	0	0	0
Eignarhlutir breyting	(937)	0	(937)	(937)	0	(937)
Langtímakröfur, breyting	1.682	0	1.682	1.682	0	1.682
Langtímakr. á eigin ft. breyting	362	0	362	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(26.681)	7.000	(19.681)	(34.643)	0	(34.643)
Fjármögnunarhreyfingar						
Viðskiptast. eigin ft., breyting	565	(6.198)	(5.633)	0	0	0
Afborganir langtímalána	(18.442)	0	(18.442)	(18.442)	0	(18.442)
Skammtímalán, breyting	(12.000)	12.000	0	(12.000)	12.000	0
Fjármögnunarhreyfingar	(29.877)	5.802	(24.075)	(30.442)	12.000	(18.442)
Hækkun, (lækkun) á handb. fé	(12.098)	230	(11.868)	(12.098)	230	(11.868)
Handbært fé í ársbyrjun	51.886	(29.913)	21.973	51.885	(29.912)	21.973
Handbært fé í árslok	39.788	(29.683)	10.105	39.787	(29.682)	10.105